

Nd.

622. Frumvarp

til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

(Eftir eina umr. i Ed.).

Eftirskráðar breytingar skulu gerðar á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar: 18. gr., 19. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr., 30. gr., 31. gr., 38. gr. og ákvæðum um stundarsakir.

1. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« i 18. gr. komi: annaðhvert ár. — Aftan við greinina komi tvær nýjar málsgreinir, svo hljóðandi:

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar, að aukaping sje haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Það þing má ekki sitja lengur en 4 vikur án samþykkis konungs.

Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.

2. gr.

Í stað orðanna »á ári« i niðurlagi 19. gr. komi: fundum sama þings.

3. gr.

Í stað »40« i fyrstu málsg. 26. gr. komi: 42.

Í stað »26« i annari málsg. sömu gr. komi: 28.

Í stað »34« i þriðju málsg. sömu gr. komi: 36.

4. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

5. gr.

28. grein stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á kjörtímanum, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á, en varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum. Sama er og ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukaping, eða það sem eftir er af því þingi.

6. gr.

Síðustu málsg. 29. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningarnar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna, sem kosnir eru hlutbundnum kosningum.

7. gr.

Í stað tölunnar »35« í 30. gr. stjórnarskrárinnar skal koma: 30.

8. gr.

Í stað orðanna »ár hvert« í 31. gr. skal koma: annaðhvert ár.

9. gr.

Í stað orðsins »fjárhagsár« í 38. gr. komi: fjárhagstímabil.

10. gr.

Stjórnarskipunarlög þessi öðlast þegar gildi, er konungur hefir staðfest þau.

11. gr.

Í stað 2. ákvæðis um stundarsakir komi:

2. Umboð landskjörinna þingmanna og varamanna falla niður við næstu almennar alþingiskosningar eftir 9. júlí 1930.

12. gr.

Á eftir 3. ákvæði um stundarsakir komi ný málsg., svo hljóðandi:

4. Ef stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi meðan Alþingi 1928 á setu, má á því þingi setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930, enda þótt frumv. til þeirra hafi ekki verið lagt fyrir það í þingbyrjun.